



Leiðbeiningarit um uppbyggingu tjaldsvæða



Ferðamálastofa
www.ferdamalastofa.is

Leiðbeiningarit um uppbyggingu tjaldsvæða



2. útgáfa endurskoðuð árið 2006

Ferðamálastofa

Strandgata 29

600 Akureyri

Sími: 464-9990

Fax: 464-9991

Netfang: upplýsingar@icetourist.is

Veffang: www.ferdalag.is og

www.ferdamalastofa.is

Athugið:

**Allar upplýsingar eru háðar breytingum og er útgefandi ekki ábyrgur vegna
breytinga sem kunna að hafa orðið frá því efnis var aflað.**

Efnisyfirlit:

	Bls.
1. Inngangur.....	1
1.1. Tilgangur með tjaldsvæði.....	1
2. Almenn leyfisákvæði.....	2
2.1. Starfsleyfi.....	2
2.2. Aðalskipulag/Deiliskipulag/Grenndarkynning.....	3
2.3. Byggingarleyfi.....	3
3. Hreinlæti – Búnaður.....	4
3.1. Vatnsból / Neysluvatn.....	4
3.2. Salernisaðstaða.....	5
3.3. Fráveitur.....	5
3.4. Þrif.....	6
3.5. Hávaði.....	6
4. Umhverfismál.....	7
4.1. Umgengni.....	7
5. Ýmsar ábendingar.....	8
5.1. Staðsetning/staðarval.....	8
5.2. Aðkeyrsla og öryggi.....	8
5.3. Umgengnisreglur á svæðinu.....	9
5.4. Leiksvæði.....	9
5.5. Smáhýsi.....	10
5.6. Veitingasala.....	10
5.7. Opinn eldur.....	10
5.8. Gistináttaskýrslur.....	10
5.9. Gistiskýrsla til Hagstofu (sýnieintak).....	11
6. Öryggismál.....	12
6.1. Gátlisti fyrir öryggismál.....	12
7. Flokkun tjaldsvæða.....	14

1. Inngangur

Tjald- og hjólhýsasvæði eru afmörkuð svæði á vegum sveitarstjórna, einstaklinga eða annarra aðila ætluð ferðamönnum til dvalar. (Sjá nánar flokkun tjaldsvæða - kafli 7).

1.1 Tilgangur með tjaldsvæði

Með auknum fjölda ferðafólks hefur eftirspurn eftir fjölbreyttri þjónustu, afþreyingu og góðum aðbúnaði á ferðamannastöðum aukist til muna. Þar sem ferðaþjónustan er atvinnuvegur sem styður við ýmsa aðra starfsemi hafa sveitarfélög og aðrir séð sér hag í að byggja upp aðstöðu fyrir ferðafólk til dvalar á viðkomandi svæði m.a. með uppsetningu tjaldsvæða. Þótt tjaldsvæði eitt og sér standi ekki alltaf undir rekstri þá hefur viðvöl ferðafólksins mikið að segja og hefur áhrif á ýmsa aðra starfsemi á svæðinu s.s. eins og veitingasölu, verslun, verkstæði og afþreyingu sem í boði er. Ábyrgð þeirra sem reka og/eða hyggjast setja upp tjaldsvæði er töluverð og verður að metast út frá nokkrum meginforsendum og má þar nefna efnahagslegar, umhverfislegar og félagslegar forsendur. Líta þarf á málin í víðu samhengi og taka mið af hver önnur þjónusta á svæðinu er, hvar tjaldsvæðið er í sveit sett, hvort það er í nálægð við vinsæl náttúrufyrirbæri o.fl. þess háttar. Auk sveitarfélaga, félagasamtaka, fyrirtækja og einstaklinga hafa einstakar ríkisstofnanir staðið fyrir rekstri tjaldsvæða í gegnum tíðina og má þar helst nefna Náttúruvernd ríkisins, nú Umhverfisstofnun. Sú stofnun sér um rekstur þjóðgarða og friðlýstra svæða, og snýst ábyrgð þeirra þá aðallega um að beina umferð frá viðkvæmum svæðum og hafa stjórn á ágangi ferðamanna um svæðin.

Án efa koma margar spurningar upp í hugann þegar hugað er að uppsetningu tjaldsvæðis. Hvaða lög og reglur þarf að uppfylla, hvar er best að hafa svæðið með tilliti til umhverfissjónarmiða? Hvað með öryggisþáttinn, hreinlæti, afþreyingu og fleira? Leiðbeiningarriti þessu er ætlað að auðvelda fólki er hyggst setja upp tjaldsvæði, hvort sem það er í þéttbýli eða dreifbýli, að átta sig á hvað til þarf fyrir slíka starfsemi.

Önnur ástæða fyrir riti þessu er að benda á möguleika á mismunandi gerðum tjaldsvæða útfra þeirri þjónustu sem þar er í boði.

Það er öllum ljóst sem starfa í ferðaþjónustu að kröfur varðandi þjónustu og aðstöðu á tjaldsvæðum og sumardvalarstöðum hafa gjörbreyst á tiltölulega stuttum tíma. Gífurleg aukning er í notkun tjaldvagna og húsbíla og aukin flutningsgeta Norrænu milli Evrópu og Íslands kallar á annan og meiri búnað til að þjóna notendum tjaldsvæða.

Ferðamálaráð Íslands hefur gefið út flokkunarkerfi fyrir tjaldsvæði, stjörnuvjöf, þar sem tjaldsvæði eru flokkuð eftir gæðum og búnaði sem þar er og er hægt að skoða flokkunarlistann aftast í riti þessu (kafli 7). Flokkunarkerfið gefur einnig ferðafólki möguleika á að skipuleggja ferðir sínar eftir þeirri þjónustu sem það sækist eftir.

2. Almenn leyfisákvæði

2.1. Starfsleyfi

Áður en fyrirtæki er stofnað þarf að athuga hvort gerð sé krafa um sérstakt starfsleyfi til fyrirtækjareksturs á viðkomandi sviði. Starfsleyfin geta gengið undir ýmsum nöfnum, svo sem verslunarleyfi, löggilding, skipun, leyfisbréf, vottun o.fl. Heiti starfsleyfis helgast oft af hefðum á viðkomandi sviði frekar en að um raunverulegan mun sé að ræða eftir nafngiftinni.

Helstu forsendur starfsleyfis fyrir atvinnugrein eru þessar:

- Til að tryggja hollustuhætti og heilnæmt umhverfi í samræmi við reglugerð um hollustuhætti.
- Til að koma í veg fyrir óhöpp og slys á viðskiptavinum.
- Til að tryggja að starfsmenn hafi ákveðna lágmarkspækkingu.
- Koma í veg fyrir vanbúnað í aðstöðu fyrir almenning.
- Tryggja að eftirlit og viðeigandi gögn séu til um starfsemina.
- Fyrirbyggja mengun og mengunarslys.

(Samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir atvinnugrein, Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga útg. 2003 - <http://www.ust.is>, reglugerð nr. 941/2002)

Það er heilbrigðisnefndin á hverju svæði sem gefur út starfsleyfi fyrir tjald- smáhýsa- og hjólhýsasvæði að því gefnu að öll skilyrði séu uppfyllt er varða skipulags- og byggingarákvæði og hollustuhætti og mengunarvarnir.

ATHUGIÐ:

Fyrirtæki sem fá starfsleyfi heilbrigðisnefnda þurfa að greiða leyfisgjald og árlegt eftirlitsgjald.

Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið lögum og reglum sem eiga við um tiltekna starfsemi sem og kröfum í starfsleyfi.

Eftirfarandi leyfi og ákvæði reglugerða þarf að uppfylla til að fá útgefið starfsleyfi frá heilbrigðisfulltrúa:

2.2. Aðalskipulag / deiliskipulag / grenndarkynning

Fyrsta skrefið er að athuga hvort hugmyndin um tjaldsvæði samræmist skipulagi viðkomandi svæðis.

“Öllum sveitarfélögum ber að vinna eftir ákveðnu aðalskipulagi. Aðalskipulag er skipulagsáætlun þar sem fram kemur stefna sveitastjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára tímabili. Aðalskipulag skal fjalla um allt land innan viðkomandi sveitarfélags.” (Skipulagsreglugerð nr. 400/1998).

“Deiliskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmörkuð svæði eða reiti innansveitarfélags sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu svæðisins. Ákvæði um deiliskipulag eiga jafnt við um þéttbýli og dreifbýli. Sveitarstjórn ber ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags. Tillaga að deiliskipulagi getur einnig verið unnin á vegum landeigenda eða framkvæmdaraðila og á kostnað þeirra. Deiliskipulag er háð samþykki sveitarstjórnar.” (Skipulagsreglugerð nr. 400/1998).

Ef hinsvegar ekkert deiliskipulag er til af tilteknu svæði þá þarf tjaldsvæðahugmyndin að fara í svokallaða grenndarkynningu þar sem hagsmunaaðilum er kynnt málið og þeim gefinn kostur á að tjá sig um framkvæmdina.

Nánar: Skipulagsreglugerð 400/1998 - <http://www.reglugerd.is>,
<http://www.skiplag.is>

2.3. Byggingarleyfi

Mikilvægt er að svæðið og byggingar á því hafi hlotið samþykki skipulags- og byggingaryfirvalda. Í byggingarreglugerð 441/1998 segir í 4. gr.:

Byggingarleyfi: “Leyfi sveitarstjórnar til að byggja, breyta eða rífa hús eða önnur mannvirki eða breyta notkun þeirra, að innan sem utan. Leyfið felur í sér samþykkt aðaluppdráttar og framkvæmdaáforma og heimild til að hefja framkvæmdir að uppfylltum skilyrðum.

Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús, breyta því að innan og utan, burðarkerfi þess, formi, svipmóti eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki sem falla undir ákvæði skipulags- og byggingarlaga nema að fengnu leyfi byggingarnefndar. Sá sem óskar byggingarleyfis skal senda um það skriflega umsókn til byggingarnefndar ásamt nauðsynlegum hönnunargögnum og skilríkjum. Byggingarleyfi er gefið út þegar sveitastjórn hefur staðfest samþykkt byggingarnefndar og álögð gjöld hafa verið greidd eða samið um greiðslu þeirra.”(11.gr.sömu laga).

Nánar: Byggingarreglugerð 441/1998 - <http://www.reglugerd.is>

3. Hreinlæti - Búnaður

Samkvæmt reglugerð 941/2002 um hollustuhætti segir eftirfarandi um tjald- og hjólhýsasvæði í 32. grein:

3.1. Vatnsból / Neysluvatn

Á svæðinu skal vera nægilegt neysluvatn og aðstaða til uppþvotta.

Vatnsból

Vatnsból er náttúruleg uppspretta eða mannvirki, þar sem vatn er tekið og er mikilvægt að fyllstu aðgæslu sé gætt til að vernda heilsu manna og til að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint. Umhverfis hvert vatnsból er ákveðið vatnsverndarsvæði sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði sbr. reglugerð um varnir gegn mengun vatns.

Mikilvægt er að vatnsból sé afgirt og getur heilbrigðisfulltrúi krafst þess að svæðið skuli girt gripa- og mannheldri girðingu sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.

Vatnsveitur skulu gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að vatnsból spillist. Sama gildir um aðra staði s.s. ár eða læki þar sem vatn er tekið til neyslu. Skylt er að tilkynna heilbrigðisnefnd tafarlaust ef vitað er um mengun á vatni í vatnsbólum eða dreifikerfi.

Leiðslur, dælur, geymar og annað sem notað er við vatnsveitu skal þannig gert og viðhaldið að neysluvatn spillist ekki. Eftirlitsaðila er heimilt að banna notkun slíks búnaðar ef ætla má að notkun hans geti valdið heilsutjóni. Mengun vatns er óheimil. Losun efna og úrgangs í vatn, þ.m.t. efni á listum I og II í viðauka með reglugerðinni, er óheimil nema í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, viðaukum með henni og starfsleyfa.

Nánar: Reglugerð um varnir gegn mengun vatns 796/1999 - <http://www.reglugerd.is>

Reglugerð um neysluvatn 536/2001 - <http://www.reglugerd.is>

Bæklingurinn "Litlar vatnsveitur" útgefinn af Umhverfisstofnun í júlí 2003 - <http://www.ust.is/Frodleikur/UtgefidEfni/nr/828>

Nauðsynlegt er að vernda heilsu manna með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint. Neysluvatn skal vera laust við örverur, sníkjudýr og efni í því magni sem getur haft áhrif á heilsu manna.

Nánar: Reglugerð um neysluvatn 536/2001 - <http://www.reglugerd.is>

3.2. Salernisaðstaða

Á svæðinu eða í námunda við það skal vera aðstaða til að tæma og hreinsa ferðasalerni. Rekstraraðili skal veita upplýsingar um og vísa á aðstöðuna.

Um snyrtingar fer samkvæmt fylgiskjali 2 við reglugerð um hollustuhætti. Þess skal gætt við staðsetningu útisalerna að af þeim stafi ekki óhollusta eða óþrifnaður.

Um almenningssalerni segir ennfremur í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 í 15. gr.:

”Í eða við hverja byggingu, þar sem fólk hefst við að jafnaði, skal koma fyrir hæfilegum fjölda salerna og hreinlætistækjum, sbr. ákvæði í fylgiskjali 2 við reglugerð um hollustuhætti.

Salernisklefi skal vera a.m.k. 1,2 m² að stærð en salernisklefi sem fatlaðir geta notað, minnst 3,3 m² að stærð. Handlaug með heitu og köldu vatni og tilheyrandi hreinlætisbúnaði skal vera í klefanum eða við hann í sérstöku rými. Þá skal vera ruslafata með loki í hverjum salernisklefa. Þar sem skilrúm salernisklefa ná ekki niður að gólfi og upp að lofti skulu salernisrými vera aðgreind fyrir konur og karla.

Salernisklefi og anddyri skulu vera úr eða klædd efni sem gott er að halda hreinu. Þar skal vera fullnægjandi loftræsting og birta.

Salernisklefi má ekki opnast beint út í rými þar sem matvæli eru meðhöndluð og hæfileg aðgreining skal vera þar sem fólk hefst við að jafnaði.

Á tjaldsvæðum skulu vera a.m.k. tvær fullbúnar snyrtingar, þar af önnur ætluð fötluðum og ekki færri en eitt salerni fyrir hverja 200 gesti umfram fyrstu. Þvagstæði geta komið að 1/3 hluta fyrir salerni karla. Fjöldi handlauga skal vera í samræmi við fjölda salerna.”

Hafa skal til viðmiðunar eftirfarandi:

< - 200 gestir	2 salerni
201 - 400 gestir	3 salerni
401 - 600 gestir	4 salerni

o.s.fv.

3.3. Fráveitur

Á öllum þéttbýlisstöðum, þéttbýlissvæðum og ferðapjónustusvæðum skal vera fráveita. Mjög mikilvægt er að fara eftir kröfum sem gilda um hreinsun skólps þegar fráveita er lögð. Við hönnun hennar skal einkum taka tillit til eðlis viðtaka; magns og eðlis skólps, lekavarna og yfirfalls vegna ofanvatns. Þar sem skólpi og öðru fráveituvatni verður ekki veitt í almenna fráveitu, t.d. frá frístundahúsum, skal veita því eftir vatnsheldum holræsum í rotþrær og skal afla fyrir mæla og leyfis heilbrigðisnefnda hverju sinni. Þar sem fráveitum verður ekki við komið eða þar sem landfræðilegar

aðstæður valda því að rotþró og siturlögn eru ekki álitlegur kostur er heimilt að nota þurrsalerni. Búnaður fyrir þurrsalerni skal vera af viðurkenndri gerð og samþykktur af heilbrigðisnefnd.

Nánar: Reglugerð um fráveitur og skólp 798/1999 - <http://www.reglugerd.is>

Einnig eru til hjá Umhverfisstofnun leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir. Leiðbeiningarnar eru gefnar út í samræmi við reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp.

Hægt er að nálgast útprentað eintak hjá Umhverfisstofnun eða fara inn á vefslóðina <http://www.ust.is/Neytendur/nr/63>

3.4. Þrif

Á tjald- og hjólhýsasvæðum skal gæta fyllsta hreinlætis og snyrtimennsku.

Rekstraraðili svæðisins skal sjá um að það sé þrifið og að umgengni sé góð.

Húsnæði og öll aðstaða skal þriffin daglega eða oftar eftir þörfum. Allsherjarhreingerningu skal gera minnst árlega. Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld. Loftræstikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar fyrir loftræstikerfi skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila. Húsnæði skal vera vel við haldið.

3.5. Hávaði

Við staðsetningu og rekstur tjald- og hjólhýsasvæða skal þess sérstaklega gætt að þeir sem þar dvelja verði ekki fyrir ónæði sem getur stafað frá umhverfinu.

Ennfremur skal þess gætt að ónæði berist ekki frá svæðinu til nálæggra íbúa.

Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og óþægindi af völdum hávaða. Það er heilbrigðisnefnd sem framkvæmir eða lætur framkvæma reglubundnar eftirlitsmælingar á hávaða. Umhverfisstofnun gefur út reglur um framkvæmd mælinga og annast, skipuleggur og hefur umsjón með úttektarrannsókn á hávaða.

Nánar: Reglugerð um hávaða 933/1999 - <http://www.reglugerd.is>

4. Umhverfismál

4.1. Umgengni

Sérstök ástæða er til að forðast gáleysislega umgengni hér á landi. Gróðursvæði eru víða viðkvæm og íslenskur jarðvegur er grófur, laus í sér og auðrofinn. Sár eru lengi að gróa vegna stutts vaxtartíma gróðurs auk þess sem vatn og vindar geta aukið á rof í sárum. Með því að leggjast á eitt getum við verndað náttúru og ásýnd landsins og tryggt að fólk fái notið fegurðar landsins til framtíðar.

Nánar: Vefur Umhverfisstofnunnar: <http://www.ust.is/Natturuvernd>

Höfum ennfremur eftirfarandi í huga:

- Göngum frá áningarstað eins og við viljum koma að honum.
- Göngum frá rusli.
- Virðum eignarrétt og göngum vel um girðingar og hlið.
- Virðum dýralíf.
- Skemmdir á jarðmyndunum verða ekki bættar.
- Akstur utan vega er stranglega bannaður.
- Svíðum ekki svörðinn, setjum steina undir grillið.
- Göngum eftir merktum leiðum, ekki gera nýja troðninga.
- Bílinn allan heim. Enga varahluti úti í íslenskri náttúru.
- Drögum úr sorpmyndun og aukum endurnýtingu eða endurvinnslu úrgangs.
- Bannað er að hella *hættulegum efnum og spilliefnum* í niðurföll, ár, vötn eða sjó.
- Notum umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðumst óþarfa notkun á efnavöru.
- Lyf og hættuleg efni skulu geymd á viðhlítandi hátt. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt.
- Á svæðinu eða í námunda við það skal vera aðstaða til að tæma eða hreinsa ferðasalerni. Rekstraraðili skal veita upplýsingar um og vísa á aðstöðuna.

Göngum um íslenska náttúru af alúð og virðingu.

5. Ýmsar ábendingar

5.1. Staðsetning/staðarval

Við staðarval á tjaldsvæði er nauðsynlegt að hafa eftirfarandi í huga:

- **Tilgangur:** Það þarf að vera vel ígrundað hver tilgangurinn er og hver þörfin fyrir slíka þjónustu er á viðkomandi svæði. Þess má geta hér að Hagstofa Íslands heldur utan um allar gistinætur á tjaldsvæðum eftir landshlutum sem ætti að gefa ágætis mynd af dreifingunni eftir landssvæðum og ríkisfangi gestanna.
- **Umhverfisleg sjónarmið:** Mikilvægt er að huga að umhverfislegum þáttum starfseminnar þegar ákvörðun um staðarval er tekin. Með umhverfislegum þáttum er átt við áhrif jafnt á náttúru- sem og menningarlegt umhverfi svæðisins. Áhrif á náttúruna geta verið á þann veg að með uppbyggingu á viðkomandi stað er verið að beina athygli að tiltölulega ósnortnu landi og þar getur hættan við staðsetningu verið fólgin í truflun á dýralífi eða auknu álagi á viðkvæman gróður. Gagnvart menningarlegu umhverfi þá er t.d. átt við það að starfsemin geti haft truflandi áhrif á daglegt líf íbúa svæðisins.
- **Veðurfar:** Á Íslandi þar sem allra veðra er von er eðlilegt að velja skjólsælan stað sé þess nokkur kostur.
- **Önnur þjónusta:** Innan bæjarmarka eða í nánd við þéttbýli er heppilegt að vegalengdir við aðra þjónustu og afþreyingu sé í góðu göngufæri og/eða í næsta nágrenni. Helsta þjónusta sem sótt er í er verslun, veitingasala, sundstaðir, söfn o.fl.
- **Undirlag:** Mikilvægt er að flatir séu vel framræstar og hleypi vel í gegnum sig raka. Undirlag á tjaldstæði á að vera slétt og laust við snarrætur, grjót og aðrar ójöfnur, það er ekki boðlegt að liggja á slíku undirlagi. Ef um nýbyggingu er að ræða er mikilvægt að vanda jarðvegsvinnu. Ágætt er að plægja upp svæðið og herfa það og grjóthreinsa vel. Eftir að svæðið hefur verið jafnað og rakað vel til er annaðhvort sáð í svæðið eða það þökulagt, sé það gert er sjálfsagt að vanda valið á þökum, kosturinn við þökulögn er fyrst og fremst sá að svæðið er fyrr tilbúið til notkunar. Annars fer undirlag mikið eftir því hvar tjaldsvæði eru staðsett á landinu, víða á hálendinu eru gróðursnauð svæði og þar hafa menn jafnvel flutt þökur til að útbúa tjaldsvæði. Gott dæmi um það er inn við Landmannalaugar en vegna þess að jarðvegur er gljúpur og rýr þrífst gróður þar illa og undirlag hart.

5.2. Aðkeyrsla og öryggi

Mikilvægt er að tjaldsvæði sé greinilega afmarkað. Það skal ennfremur vera skepnuhelt. Þó má gera undantekningu á því í óbyggðum landsins. Akstursleiðir um svæðið skulu vera greinilegar og reglur um akstur á svæðinu vel sýnilegar. Aðkeyrsla inn á svæðið skal vera greiðfær og örugg og skal fyllsta umferðaöryggis gætt við skipulagningu þessa á svæðinu. Hafa ber sérstaklega í huga sú hættu er börnum að leik getur stafað af. Æskilegt er að rykbinda þessa vegi ef nauðsyn krefur. (Sjá flokkun tjaldsvæða – kafli 7)

Öryggisins vegna er gott að skipta tjaldsvæðinu upp þannig að húsbílar og hjólhýsi séu sér og tjöld sér.

5.3. Umgengnisreglur á svæðinu

Æskilegt er að upplýsingatafla með t.d. umgengnisreglum svæðisins, símanúmeri umsjónaraðila, viðverutíma starfsfólks og neyðarnúmeri sé til staðar á áberandi stað.

(Sjá flokkun tjaldsvæða – kafli 7)

5.4. Leiksvæði

Um leiksvæði gildir reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim. Mjög mikilvægt er að kynna sér hana áður en farið er út í framkvæmdir og hafa eftirfarandi í huga:

- Að stuðla að öryggi barna og annarra með því að tryggja að leikvallatæki og leiksvæði séu hönnuð, frágengin og þeim viðhaldið á öruggan og viðurkenndan hátt hvort sem um er að ræða tímabundna starfsemi eða til frambúðar.
- Ekki má staðsetja leiksvæði þar sem ætla má að börnum geti stafað hættu eða ónæði af umhverfinu svo sem frá umferð, vegna fallhættu, hruns eða hættu á drukknun.
- Aðkoma að svæðinu fyrir gangandi, hjólandi og eftir atvikum akandi vegfarendur skal vera þannig að ekki skapist óþarfa hættu á og við leiksvæðið.
- Umferð vélknúinna farartækja er bönnuð á leiksvæðum utan þess sem nauðsyn krefur, svo sem vegna viðhalds eða endurnýjunar tækja og búnaðar.
- Hindra skal að börn geti hlaupið beint út af leiksvæði þar sem umferð er.
- Á leiksvæðum skal vera góð lýsing.
- Þar sem grindverk og hlið eru á lóðum leiksvæða skal frágangi þeirra þannig hagað að börnum geti ekki stafað hættu af.

- Við framkvæmdir og viðhald leiksvæða skal taka tillit til eðlis starfseminnar.

Nánar: Reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim 942/2002 - <http://www.reglugerd.is>

5.5. Smáhýsi

Smáhýsi eru varanleg jarðföst hús notuð til gistingar, venjulega án salernis eða eldunaraðstöðu. Húsin skulu vera hrein og vel við haldið. Útidyrhurð skal opnast út og á húsinu skal vera loftræstitúða sem ekki er hægt að loka svo og opnanlegt fag.

Ef rúmstæði eru í húsinu skulu þau vera eigi minni en 80x200 sm að stærð. Kojur skulu vera skv. íslenskum staðli.

Ef fyrirhugað er að bjóða upp á gistingu í smáhýsum (gistiskálum) í beinum tengslum við rekstur tjaldsvæðisins þarf sérstakt leyfi viðkomandi sýslumannsembættis samkvæmt ákvæðum reglugerðar um veitinga- og gistihús nr. 288/1987 (með síðari breytingum).

5.6. Veitingasala

Ef um er að ræða sölu á matvælum í tengslum við tjaldsvæði s.s. eins og sælgætisverslun og /eða veitingaþjónustu, þá þarf sérstakt leyfi heilbrigðiseftirlits sem gerir kröfur um lágmarksaðbúnað og innra eftirlit.

Athugið: Önnur þjónusta á svæðinu t.d. sundlaugar, heitir pottar og skipulagðar útihátíðir kalla einnig á sérstakt leyfi heilbrigðiseftirlits.

5.7. Opinn eldur

Það er stranglega bannað að kveikja eld á opnum svæðum. Leyfi frá lögreglu þarf ef fyrirhugað er að kveikja bálköst / varðeld á svæðinu.

5.8. Gistináttaskýrslur

Öllum aðilum sem selja gistipjónustu hér á landi, þar með taldir þeir sem reka tjaldsvæði, ber að skila gistináttaskýrslum til Hagstofu Íslands mánaðarlega þar sem fram skulu koma upplýsingar um gistirými, opnunartíma, fjölda gestakoma og gistinátta. Eða eins og segir í 10. gr. laga um veitinga- og gististaði nr. 67/1985: "Rekstraraðilar, er undir þessi lög falla, skulu veita stjórnvöldum upplýsingar skv. nánari fyrirmælum Hagstofu Íslands. Slíkar upplýsingar skulu einungis notaðar til

könnunar og skipulagningar á ferðþjónustunni almennt og /eða rekstri veitinga- og gistihúsa sérstaklega sem atvinnugreinar”.

Eftir að Schengen samningurinn tók gildi 25.mars 2001 og hefðbundinni talningu farþega sem til Íslands koma var hætt er enn mikilvægara en áður að vandað sé til verka við skýrslugerðina og þeim skilað inn á réttum tíma. Hver gistaður skiptir máli, sama hver stærð hans er.

Skýrslueyðublöðin sem Hagstofan sendir seljendum gistiþjónustu til útfyllingar eru þrjú.

Annarsvegar eru tvö hjálparblöð fyrir gestakomur og gistinætur og er þeim einungis ætlað að vera til notkunar á gististöðunum. Hinsvegar er þriðja eyðublaðið “Gistiskýrsla til Hagstofu” eina blaðið sem senda skal Hagstofunni. Inn á það blað skal færa samtölur mánaðarins af áðurnefndum hjálparblöðum ásamt upplýsingum um gistirými.

Eins og áður segir sendir Hagstofan þessi blöð út en einnig eru þau til á tölvutæku formi fyrir töflureikni (Excel) og á Acrobat formi inn á vef Hagstofu Íslands -

<http://www.hagstofa.is/gistiskyrslur>

5.9. Gistiskýrsla til Hagstofu (sýniseintak)

Gistiskýrsla fyrir tjaldsvæði í _____ mánuði, árið 200

Gistaður: _____

Sími: _____ Bréfasími: _____ Netfang: _____

Vinsamlegast skilið skýrslunni eigi síðar en 8. hvers mánaðar.

Vinsamlegst teljið daglega og færið á hjálparblöðin. Þessa skýrslu skal færa í lok mánaðar.

Gestakomur og gistinætur

Gestakomur eru samanlagður fjöldi allra þeirra sem koma til þess að gista.

Gistinætur eru samanlagður fjöldi allra þeirra náttu sem gestirnir gista, óháð öllum gestakomum.

Athugið hver gestur kemur aðeins einu sinni en getur gist fleiri en eina nótt. Gestir í fastri leigu skulu ekki meðtaldir.

Ríkisfang gesta	Gestakomur	Gistinætur	Ríkisfang gesta	Gestakomur	Gistinætur
Ísland			Sviss		
Danmörk			Austurríki		
Svíþjóð			Ítalía		
Noregur			Spánn		
Finnland			Önnur Evrópulönd		
Bretland			Bandaríkin		
Írland			Kanada		
Þýskaland			Japan		
Holland			Öll önnur lönd		
Belgia			Samtals		
Frakkland					

Tjaldsvæðið er opið: _____ Allt árið: _____ Hluta úr ári, hvaða _____

Athugasemdir: _____

Nánari upplýsingar veitir:

Bórarinna Söebeck s: 528 1267

Nafn skýrslugjafa: _____

Internet póstfang:
gistiskyrslur@hagstofa.is

Hagstofa Íslands, Gistiskýrslur
Skuggasundi 3, 150 Reykjavík

Sími: 545 8861
Bréfasími: 561 0255



6. Öryggismál

6.1. Gátlisti fyrir öryggismál á tjaldsvæðum:

Eldunaraðstaða / eldhús	Já	Nei
Eru hnifar, skæri og önnur beitt áhöld geymd þar sem börn ná til?		
Eru hreinsiefni og önnur hættuleg efni geymd í hirslum með barnalæsingum?		
Eru rafmagnstæki þar sem börn ná til?		
Er eldavélin föst við vegg?		
Er eldavélin þannig búin að ofnhurðin hitni ekki að utan eða er hún með ofnhlíf?		
Er öryggislæsing á ofni eldavélarinnar?		
Er hlíf fyrir eldavélahellum þegar vélin er í notkun?		
Er hlíf fyrir rofum eldavélarinnar?		

Útigrill	Já	Nei
Er undirlag fyrir grillið traust?		
Er grillið stöðugt?		
Er grillvökvi geymdur á öruggum stað		

Hreinlætisaðstaða	Já	Nei
Er sápan í þvottavélina geymd í læstum skáp?		
Eru hitastýrð blöndunartæki á handlaugum og sturtum?		
Er skemill fyrir börn til að standa á í baðherberginu?		
Er hálkumotta inni á hreinlætisaðstöðunni eða við vaska og í sturtubotnum?		

Rafmagn	Já	Nei
Er þannig gengið frá rafmagnssnúrum að börn nái ekki til?		
Er lekastraumsrofi til staðar í húsinu og er hann í lagi?		

Leiktæki / leiksvæði**Já Nei**

Ef handrið er í húsinu eða við leiktæki er bilið milli rimla meira en 10 cm?		
Uppfylla leiktæki öryggisstaðla?		
Eru börn undir eftirlitir í heitum pottum og eða við tjarnir?		

Annað**Já Nei**

Er sjónvarpið fast á hillu eða er borðið sem það stendur á veggfast?		
Eru allar frístandandi hillur og skápar veggfastar?		
Eru hættulegar hurðir sem skellast í gegnumtrekk?		
Eru ofnar sem geta hitna mikið, óvarðir?		
Er eldvarnarteppi, slökkvitæki og reykskynjari í byggingum?		
Er númer neyðarlínunnar við símann?		

7. Flokkun tjaldsvæða

Að forgöngu Ferðamálastofu hafa verið unnar reglur um flokkun tjaldsvæða. Tilgangurinn er að auðvelda ferðalöngum að átta sig á þeirri þjónustu sem í boði er á viðkomandi stað og vera rekstraraðilum stuðningur við uppbyggingu tjaldsvæðis. Haustið 2002 var stofnuð verkefnisnefnd til að vinna tillögur að flokkuninni. Nefndina skipuðu, auk umhverfisfulltrúa Ferðamálastofu, sem var verkefnisstjóri, fulltrúar Ferðamálasamtaka Íslands, Samtaka ferðaþjónustunnar, Félags ferðamálafulltrúa, Bandalags íslenskra farfugla og Ferðaþjónustu bænda. Við undirbúning málsins var stuðst við flokkunarkerfi sem notuð eru í Noregi og Danmörku.

Framkvæmdin er með þeim hætti að flokkunarviðmið eru sett upp á áberandi stað á tjaldsvæðinu og síðan er það gesta að ganga eftir því að svæðið standist þær kröfur sem stjórnugjöf þess gerir ráð fyrir. Ef gestum þykir að viðkomandi tjaldsvæði standist ekki settar kröfur, þá vinsamlegast beinið athugasemdir til Ferðamálastofu í síma 464-9990 eða á netfangið: upplýsingar@icetourist.is Flokkunin er valkvæð.

1 stjarna ★

- Tjaldsvæðið skal vera greinilega afmarkað og fjárhelt.
- Tjaldstæði skulu vera slétt og vel hirt.
- Svæðið skal vera greinilega merkt, svo og akstursleiðir um það.
- Á svæðinu skal vera búnaður til fyrstu hjálpar hjá umsjónaraðila.
- Upplýsingatafla skal vera til staðar með umgengnisreglum og símanúmeri hjá umsjónaraðila
- Á svæðinu skal vera daglegt eftirlit.
- Fjöldi salerna og vaska skal taka mið af reglugerð um hollustuhætti og hafa verið tekin út af heilbrigðisefirliti.
- Salerni opin 24 tíma á sólahring.
- Sorp skal fjárlægt reglulega.
- Öllum mannvirkjum á svæðinu skal vera vel við haldið.
- Öll aðstaða á svæðinu skal vera greinilega merkt.
- Upplýsingar um neyðarnúmer skulu vera a.m.k. á íslensku og ensku.
- Á svæðinu skal vera aðstaða til losunar affallsvatns og seyru af húsbílum eða upplýsingar um næsta losunarstað.

2 stjörnur ★★

- Til viðbótar við flokk eitt kemur:
- Starfsfólk hafi að lágmarki tveggja tíma viðveru yfir daginn.
 - Upplýsingatafla með viðverutíma starfsfólks skal hanga uppi.
 - Þjónustusvæði skal vera upplýst.
 - Í neyðartilfellum skal vera aðgangur að síma í næsta nágrenni.
 - Tekið sé við greiðslukortum.
 - Borð og bekkir séu á svæðinu.

3 stjörnur ★★★

- Til viðbótar við ofantalið skal vera:
- Starfsfólk hafi fasta viðveru á álagstímum (dæmi: 8-10 og 17-21) og næturvakt skal vera um helgar.
 - Gestamóttaka skal vera aðgengileg með svæðisupplýsingum og upplýsingum um önnur tjaldsvæði.
 - Borð og stólar undir þaki.
 - Póstkassi skal vera á svæðinu.
 - Aðgangur sé að þvottavél og þurrkaðstöðu.
 - Aðstaða til sorpflokkunar. (a.m.k. samkvæmt lágmarkskröfum um förgun spilliefna)
 - Heitt og kalt vatn skal vera á svæðinu.
 - Hægt sé að fá allar upplýsingar um svæðið og leggja inn gistingantanir utan opnunartíma svæðisins.
 - Leiktæki séu fyrir börn á svæðinu.

4 stjörnur ★★★★

- Til viðbótar við ofantalið skal vera:
- Starfsfólk hafi fasta viðveru á svæðinu frá kl. 07:00-23:00 alla daga.
 - Gestir hafi aðgengi að nettengingu.
 - Sérstök stæði skulu vera fyrir húsbíla og fellihýsi með aðgengi að rafmagni.

5 stjörnur ★★★★★

- Til viðbótar við ofantalið skal vera:
- 24 tíma viðvera alla daga.
 - Veitingasala sé á staðnum.

Skýringar á texta:

Tjaldsvæði = Afmarkað svæði ætlað fjölda tjalda
Tjaldstæði = Staður innan afmarkaðs tjaldsvæðis ætlað stöku tjaldi (felliþýsi, húsbíl...)

